

**109. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi  
22.01. 2014 kl. 17.00 í Fjölheimum.**

Mætt: Magðalena Jónsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, frkv.stj.

**Dagskrá:**

**1. Umsókn Hornfirðinga um aðild að Fræðslunetinu**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur með bréfi, dagsettu 17. janúar 2014, sett fram lausn um fjárframlag til að greiða fyrir aðild Hornfirðinga að Fræðslunetinu, sbr. umsókn Hornfirðinga, dagsett 9. 10. 2013.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur samþykkt að Sveitarfélagið leggi til húsnæði undir starfseminu án endurgjalds árið 2014 að því tilskildu að fjármögnun að öðru leyti gangi eftir.

Lausn ráðuneytisins og samþykkt bæjarráðs hljóða upp á alls 12,3 milljónir króna. Stjórn Fræðslunetsins bendir á að ofangreint tekur aðeins til ársins 2014 og leggur áherslu á að aðilar málsins, umsækjendur og mennta- og menningarmálaráðuneytið, leggist á eitt með stjórn Fræðslunetsins að vinna að stefnumótun um framhaldsfræðslu í Sveitarfélaginu Hornafirði og tryggja fjármögnun þess á fjárlögum. Í trausti þess samþykkir stjórn umsókn Hornfirðinga að Fræðslunetinu.

Varðandi ósk um áheyrnarfulltrúa og aðild að stjórn Fræðslunetsins vísar stjórnin til 7. greinar nýrrar skipulagsskrár þar sem fjallað er um þau félög og stofnanir sem tilnefna fulltrúa í stjórn. Þeir gæta hagsmuna aðila að Fræðslunetinu alls staðar að af Suðurlandi.

**2. Auglýsing eftir starfsmanni Fræðslunetsins á Höfn**

Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa starfslýsingu og auglýsingu eftir starfsmanni Fræðslunetsins til að sinna verkefnum í Hornafirði.

**3. Önnur mál**

- a) Fræðslunetið er með þrjú raunfærnimatsverkefni sem fjármögnuð eru með IPA-styrkjum á þessari önn og það fjórða í undirbúningi, raunfærnimat í hestamennsku. Nokkuð stór hluti starfseminnar byggir á styrkjum en horfur eru á því að styrkjum fari fækkandi og þeir minnki. Þetta mun hafa þónokkur áhrif á starfsemi Fræðslunetsins, ef fram heldur sem horfir.
- b) FnS sótti með Háskólafélaginu um í vaxtarsamning Suðurlands eftir starfsmanni til að stjórna tæknimálum í Fjölheimum, m.a. fjarkennslubúnaði, og móta stefnu í fjarkennslu. Umsókninni var því miður hafnað. Töluverðir möguleikar eru fólgnir í eflingu fjarkennslu og FnS. þarf að vera vakandi fyrir þeim.

Fundi slitið kl. 18.40